

20
28. maí Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og þeim, sem gera út loftför, að taka eignarnámi eignir þær, sem um getur í 1. mgr., gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki um bætur.

Bætur fyrir eignarnám á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917 um framkvæmd eignarnáms samkvæmt þessari grein.

2. gr.
38. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 er úr gildi felld.

3. gr.
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1941.

Hermann Jónasson.
Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

21
28. maí

L Ö G

um breyting á umferðarlögum, nr. 110 30. maí 1940.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ökumenn skulu halda sér vinstra megin á akbraut, eftir því, sem við verður komið og þörf er á vegna annarrar umferðar. Þeir skulu víkja greiðlega til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja.

2. gr.

Í stað orðsins „hægri“ á tveim stöðum í 1. málsg. 7. gr. laganna komi: vinstri.

3. gr.

Í stað orðanna „halda sér hægri megin“ í 12. gr. laganna komi: halda sér vinstra megin.

4. gr.

a. Orðin „og við vinstri brún hennar, þegar því verður við komið“ í 3. málsg. 13. gr. laganna falli burt.

b. Síðasta málsg. sömu greinar laganna orðist svo:

Gangandi menn skulu halda sér vinstra megin á gangstétt og jafnan víkja til vinstri hver fyrir öðrum.

5. gr.

16. gr. laganna fellur burt.

6. gr.

Í stað „nr. 64 19. júní 1933“ í 17. gr. laganna komi: nr. 41 4. júní 1924.

21

28. maí

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940, og birta þau í einu lagi þannig breytt.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

22

um breyting á bifreiðalögum, nr. 75 7. maí 1940.

28. maí

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

- a. Í stað „vinstri“ í 3. málsg. 28. gr. laganna komi: hægri.
- b. Í stað „hægri“ á tveim stöðum í sömu grein komi: vinstri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og birta þau í einu lagi þannig breytt.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.